

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 499/1997 um dýrahald í atvinnuskyni.

1. gr.

Síðasta málsgrein þriðju greinar orðast svo:

Umsókninni skal fylgja samþykki viðkomandi heilbrigðisnefndar og álit viðkomandi héraðsdýralæknis. Einnig skulu fylgja upplýsingar um afstöðu nágranna hátti þannig til.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 15/1994, um dýravernd, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 28. nóvember 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurður Á. Þráinsson.

AUGLÝSING

um óverulegar breytingar á deiliskipulagi við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Borgarbyggð.

Breytingar felast í að reitur undir skólabyggingar stækkar til norðausturs jafnframt því sem byggingarreitum fyrir nýja nemendagarða (Ásgarður, Miðgarður og Útgarður) norðan við kennsluhúsnæði er breytt og vegur sem að þeim liggur færður til og lengdur.

Ofangreindar breytingar hafa fengið meðferð samkvæmt grein 7.2.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið breytingarnar samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag með áorðnum breytingum öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 26. nóvember 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisstofnun þann 22. nóvember 2001 staðfest aðalskipulag Laugardalshrepps 2000-2012.